

Fundur nr. 235

Ár 2023, föstudaginn 29. september kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 13:00

Mætt:

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður
Hildur Björnsdóttir
Már Másson (í fjarfundarbúnaði)
Ragnheiður H. Magnúsdóttir
Guðmundur Ingbór Guðjónsson
Helga Harðardóttir
Páll Brynjarsson (í fjarfundarbúnaði)

Auk þeirra voru á fundinum Inga Rut Hjaltadóttir, sviðsstjóri framkvæmdasviðs og Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

1. Öryggi, heilsa og umhverfi

Mánaðarskýrsla öryggisstjóra lögð fram til kynningar og rædd.

- Tvö fjarveruslys hafa orðið frá síðasta fundi.
- Olíuleki varð þegar skipið Vera D strandaði við Akurey.

2. Mánaðaryfirlit hafnarstjóra

Lagt fram og kynnt af hafnarstjóra og rætt.

3. Fjárhagsáætlun 2024

Jón Garðar Jörundsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs og Ragnheiður Ragnarsdóttir, deildarstjóri fjármála komu á fundinn undir þessum lið. Kynntu þau drög að fjárhagsáætlun fyrir 2024.

Stjórn samþykkti samhljóða fjárhagsáætlun fyrir félagið fyrir árið 2024 á grundvelli þeirra forsenda sem koma fram í kynningu stjórnenda. Gerir hún m.a. ráð fyrir að rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði (EBITDA) nemi 1.718 m.kr. á árinu, að fjárfesting ársins nemi 3.995 m.kr. og að heildareignir félagsins í lok árs nemi 19.467 m.kr.

4. Framlenging kjarasamninga

Ólafur Ólafsson, mannauðsstjóri kom á fundinn undir þessum lið. Kynnti hann framlengingu gildandi kjarasamninga við stéttafélögin V.M., Félag Skipstjórnamanna, Eflingu, Sameyki, Samiðn, VLFA, Verkstjórafélagið með breytingu á launaliðum. Stjórn samþykkti samningana samhljóða.

5. Verndarfulltrúi Faxaflóahafna

Stjórn samþykkti samhljóða tillögu hafnarstjóra um Gísla Jóhann Hallsson sem verndarfulltrúa fyrir hafnir Faxaflóahafna.

6. Uppfærsla á starfsmannastefnu og siðareglum

Ástríður Elín Jónsdóttir, gæða- og umhverfisstjóri kom á fundinn og kynnti tillögur að breytingum á starfsmannastefnu og siðareglum. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Stefna og stefnumarkmið – til kynningar

Ástríður Elín Jónsdóttir, gæða- og umhverfisstjóri kom á fundinn og stefnu Faxaflóahafna, stefnumarkmið og eftirfylgni með þeim og svaraði spurningum fundarmanna.

8. Forkaupsréttarmál:

Hafnarstjóri kynnti að fallið hafi verið frá forkaupsrétti eftirfarandi fasteignar með venjulegum fyrirvara um að afnot lóðar falli að gildandi deiliskipulagi og lóðarleigusamningi.

- a. Erindi Ægir Invest ehf. um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eign að eignarhluta í Fiskislóð 31, Reykjavík. Fasta nr. 250-0251. Kaupandi Björgvin Jónsson.

9. Þróunaráætlun Sundahafnar

Ólafur Melseð, skipulagsfulltrúi kom á fundinn og kynnti drög að þróunaráætlun fyrir Sundahöfn m.a. m.t.t. samkeppnissjónarmiða og svaraði spurningum fundarmanna..

10. Olíustöðin í Örfirisey

Ólafur Melseð, skipulagsfulltrúi kom á fundinn og kynnti stöðu viðræðna við lóðarhafa í Örfirisey og svaraði spurningum fundarmanna.

11. Önnur mál

- a. Skýrsla um haftengda upplifun og útivist í Reykjavík var kynnt og rædd stuttlega. Stjórn fól hafnarstjóra að ræða við borgina um þær hugmyndir sem þar voru nefndar og tengjast höfnum Faxaflóahafna.
- b. Fyrir fundinum lá umsókn frá skipafélaginu Thorship um aðstöðu til losunar og lestunar gámaskipa í Sundahöfn og farmsvæði. Stjórn fól hafnarstjóra að hefja viðræður við Thorship um þarfir þess.

Fundi slitið 15:20